

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	10.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Primex, Siglufirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Óskargötu 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvalalaust
<b>Kennitala</b>	681197-2819	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðný Helga Kristjánsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	504514,193 628305,621

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar athugasemdir voru gerðar

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvalalaust eftirlit að beiðni Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra til að skoða mengun sem varð vart í Siglufjarðarhöfn þann 27. maí 2016. Mynduðust stórir flekkir af finkorna, bleikum ögnum sem mynduðu þétt lag ofaná sjónum og bárust að flæðarmálinu og settust undir bryggjurnar.

Í eftirlitinu kom fram að í rækjuskelinni er mjög sterkt náttúrulegt litarefni (astaxanthin) sem fer út með frárennslinu, bæði frá Primex og frá Ramma. Þetta litarefni er alla jafna ekki sýnilegt í frárennslinu enda leysist það vel upp í vatni og þynnist hratt út í sjónum. Hins vegar binst það fitu og við það litast fitan rauð og verður sýnileg. Myndast þá rauðir flekkir í sjónum.

Nær engin fita er í frárennslu Primex þar sem skelin er ekki fiturík. Í starfsleyfi Primex kemur fram að við frárennslu skuli ekki koma fram áberandi litur eða grugg. Alla jafna er þetta ákvæði uppfyllt en eins og fram hefur komið, þá snýr þetta öðruvísi við þegar önnur mengun bætist við og samlegðaráhrifin koma fram.

Frárennslu rekstraraðila er skv. kröfum starfsleyfis og engin breyting hefur verið á frárennslinu hjá Primex síðustu árin. Frárennslilögnin var mynduð á síðasta ári og ekkert frávik kom fram á þeim myndum.

Ekki var hægt að greina mikinn lit í frárennslu rekstraraðila í eftirlitinu. Einungis lítill hringur í kringum frárennslu og litir flekkir við grjótgardinn beint fyrir framan verksmiðjuna (c.a. 5 cm lína hér og þar). Ekki var að sjá neinn lit í smábátahöfninni eða í höfninni við Ramma.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Bent er á að leita þurfi að uppsprettu fitumyndunar í höfninni og finna leiðir til úrbóta.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.06.2016

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir